



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VEL2020090001
R20080154
RÁ/kg

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks um verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjáaðila

Á fundi borgarráðs þann 27. ágúst 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks um verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjáaðila, sem vísað var til velferðarsviðs til umsagnar.

Verklagsreglur borgarinnar vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn miða að því að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra. Í verklagsreglum kemur fram að forsenda þess að uppsögn sé frestað er að skuldari panti viðtal hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð. Skuldari fær staðfestingu um viðtalsbókun hjá Þjónustumiðstöð til þess að virkja frest á uppsögn hjá innheimtustjóra. Á viðtalsdegi lætur félagsráðgjafi innheimtustjóra vita ef skuldari hefur mætt í bókað viðtal og undirritað upplýst samþykki fyrir samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundsviðs um aðstoð honum til handa. Mæti skuldari ekki í viðtalið virkjast uppsögnin aftur. Fyrirspurn mín er sú: Getur foreldri/forsjármaður óskað eftir viðtali utan hefðbundins opnunartíma þjónustumiðstöðva? Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur fram að þær séu opnar frá 08:30- 15:00 en þá eru margir foreldrar/forsjármenn vinnandi

Svar:

Opnunartími þjónustumiðstöðva er frá kl. 08:30 til 16:15 alla virka daga en á sumrin er opið til kl. 15:00. Foreldri/forsjármaður/einstaklingar geta óskað eftir viðtali utan hefðbundins opnunartíma þjónustumiðstöðva og samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva er komið til móts við slíkar beiðnir.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri